

Fundargerð 369. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2014, föstudaginn 31. október kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til símafundur í Hlaðbúð.

Fundinn sátu: Már Sveinbjörnsson. Í símasambandi voru Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir, Steinþór Pétursson, Guðmundur Kristjánsson, Ólafur Þór Snorrason og Ásta Björg Pálmadóttir

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórnarfundir hafnasambandsins 2014 - 1311085HA

Lögð var fram til staðfestingar fundargerð 368. fundar frá 3. október 2014.

Fundargerðin var samþykkt.

2. Frumvarp til hafnalaga, 5. mál - óskað umsagnar - 1409050HA

Formaður gerði grein fyrir fundi sem hann átti með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þann 22. október sl.

Til kynningar.

3. Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 53. mál. - 1409065HA

Lagt var fram bréf frá nefndasviði þar sem óskað er eftir að hafnasambandið sendi fulltrúa sinn á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að ræða frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrif, 53. mál.

Samþykkt að fela Má að sækja fundinn fyrir hönd hafnasambandsins.

4. Sameiningar hafnasjóða - 1410112HA

Lögð voru fram drög að könnun um hugsanlega sameiningarkosti hafnasjóða.

Starfsmanni falið að gera lagfæringar á könnuninni í samræmi við umræður á fundinum og senda hana svo út á viðeigandi aðila.

5. Mengunarvarnaráð hafna - óskað tilnefningar - 1410118HA

Lagt var fram bréf frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 20. október 2014, þar sem óskað er eftir að Hafnasamband Íslands tilnefni þrjá fulltrúa í mengunarvarnaráð hafna.

Samþykkt að tilnefna Björn Arnaldsson, Sigrúnu Árnadóttur og Hall Árnason í nefndina fyrir hönd hafnasambandsins.

6. Merki fyrir Hafnasamband Íslands - 1409066HA

Lagðar voru fram nýjar tillögur að merki fyrir Hafnasamband Íslands sem unnar voru af fyrirtækinu arhg!.

Starfsmanni falið að koma athugasemdum stjórnar til argh!

7. Drög að ramma að vinnulagi vegna breyttra laga um móttöku á úrgangi - 1409057HA

Lögð var fram samantekt um breytingu á meðferð og gjaldtöku úrgangs frá skipum.

Stjórnarmönnum falið að rýna skjalið og senda athugasemdir á formann fyrir 5. nóvember nk.

8. Umhverfis- og öryggisnefnd - 1409053HA

Már gerði grein fyrir starfi umhverfis- og öryggisnefndar en til stendur að senda aðildarhöfnum bréf þar sem óskað er eftir upplýsingum um umhverfisstefnu hafna.

Starfsmanni falið að senda bréfið út á aðildarhafnir um leið og það er tilbúið.

Fundi var slitið kl. 12:00

Gísli Gíslason

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Steinþór Pétursson

Guðmundur Kristjánsson

Ólafur Þór Snorrason

Ásta Björg Pálmadóttir

Valur Rafn Halldórsson